

Fundargerð 508

Fimmtudaginn 5. maí 2022 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Hótel Varmalandi, Borgarnesi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GÞ), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Þórey Edda Elísdóttir (ÞEE). Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) settur forstjóri, Einar Örn Hreinsson (við dagskrárlið 8), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og bauð fólk velkomið. Liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Áhættuskýrsla fyrsta ársfjórðungs - til afgreiðslu
3. Lánamál
 - a. Breyting verðtryggðra landbúnaðarlána í óverðtryggð - til afgreiðslu
 - b. ...
 - c. Lántökuheimild - til afgreiðslu
 - d. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
4. Úthlutun úr Byggðarannsóknasjóði 2022 - til afgreiðslu
5. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
6. Ívilnun námslána á sérstökum svæðum - til kynningar
7. Kostnaður við Sauðármýri 2 - til kynningar
8. Mannfjöldaspá Byggðastofnunar - til kynningar
9. Framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar stjórnar nr. 507. Engar athugasemdir komu fram og bar formaður upp fundargerðina sem var samþykkt samhljóða.

2. Áhættuskýrsla fyrsta ársfjórðungs - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs sem MH kynnti í fjarveru umsjónarmanns áhættustýringar. Eru flestir áhættuþættir innan tilsettra viðmiða áhættustefnu.

Til máls tóku GÞ og MBJ.

Formaður bar skýrsluna upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

3. Lánamál

a. Breyting verðtryggðra landbúnaðarlána í óverðtryggð - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns rekstrarsviðs um breytingu á verðtryggðum landbúnaðarlánum í óverðtryggð lán sem AME kynnti.

Lagt er til að stjórn feli lánanefnd að heimila breytingar á lánum úr verðtryggðum kjörum yfir í óverðtryggð á landbúnaðarlánum sem veitt voru á árunum 2013-2019, og

hafa verið í skilum sl. 12 mánuði, á þeim tímapunktum sem að verðtryggingarjöfnuður stofnunarinnar leyfi það hverju sinni þannig að hann sé sem næstur jafnvægi. Gætt verði að því að slíkt sé gert með jafnræði á milli lántaka að leiðarljósi.

Til máls tóku MBJ, KB og HÓ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

b. ...

...

c. *Lántökuheimild - til afgreiðslu*

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs um lántökuheimild sem MH kynnti. Lagt er til að stjórn heimili forstjóra að ganga frá og undirrita skuldbréf vegna lántöku hjá Endurlánunum ríkissjóðs að fjárhæð allt að 3,0 milljarðar króna með lánstíma frá 15 ára til 20 ára.

Til máls tóku KB og GP.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

d. *Fundargerðir lánanefndar - til kynningar*

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 10/22-14/22 auk samantekt á lánaákvörðunum lánanefndar á árinu 2022 sem AME kynnti.

Til máls tóku KB og HÓ.

4. Úthlutun úr Byggðarannsóknasjóði 2022 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsvið um úthlutun úr Byggðarannsóknarsjóði 2022 og fundargerð stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs þann 7. apríl 2022. Á fyrrnefndum fundi Byggðarannsóknarsjóðs var lagt til að veita neðangreindum fjórum verkefnum styrk að fjárhæð 2,5 m.kr. hvert, samtals 10 m.kr.

Heiti verkefnið	Umsækjandi	Styrkuppplæð
Ráðandi tungumál í íslenskri ferðþjónustu	Sigríður Sigurðardóttir, Háskólinn á Hólum	kr. 2.500.000,-
Working class women	Berglind Hólm, Háskóli Íslands	kr. 2.500.000,-
The Role of Cultural Institutions	Anna M. Wojstynska, Háskóli Íslands	kr. 2.500.000,-
Sjálfbodaliðar í Brothættum byggðum	Jónína Einarsdóttir, Háskóli Íslands	kr. 2.500.000,-

Til máls tóku ÞEE, HKK og MaH.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

5. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 31. mars sem SEP og MH fóru yfir

Til máls tók ÞEE

6. Ívilnun námslána á sérstökum svæðum - til kynningar

Fyrir fundinum liggur bréf framkvæmdastjóra SSSNV til setts forstjóra þar sem kynnt er bókun stjórnar SSSNV um heimildir til ívilnana við endurgreiðslu námslána. Þar er kallað eftir því að kynntar verði verklagsreglur um veitingu framangreindra ívilnana til að auðvelda sveitarfélögum að laða til sín einstaklinga með nauðsynlega menntun til að auka öryggi og bæta búsetuskilyrði. Þá liggur einnig fyrir fundinum minnisblað setts forstjóra sem AME kynnti þar sem kynnt er ákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna um ívilnun námslána á sérstökum svæðum.

Til máls tóku KB, ÞEE, MaH og GP.

Stjórn felur forstjóra að hefja samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtökin varðandi þetta málefni.

7. Kostnaður við Sauðármýri 2 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs þar sem tekið er saman yfirlit yfir uppgjör á kostnaði við byggingu skrifstofu stofnunarinnar á Sauðármýri 2 og yfirlit yfir rekstrarkostnað með samanburð við rekstrarkostnað á Ártorgi 1. Einnig liggur fyrir fundinum skilamat Framkvæmdasýslu ríkisins á framkvæmdinni. Kostnaður við framkvæmdina var undir áætlun og rekstrarkostnaður við húsnæðið er lægri en rekstrarkostnaður var á Ártorgi 1.

Til máls tóku KB og MBJ.

8. Mannfjöldaspá Byggðastofnunar - til kynningar

EÖH tengdist fundinum í gegnum fjarfundarbúnað og kynnti mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2021-2070. Fyrir fundinum liggja tenglar að skýrslunum á heimasíðu Byggðastofnunar. Vegna tækniörðugleika var ákveðið að kynningunni yrði framhaldið á næsta stjórnarfundum.

9. Framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla um framkvæmd jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar sem MH kynnti. Í skýrslunni kemur fram að ekki sé um kynbundinn launamun að ræða hjá stofnuninni.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME og SEP.

10. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá en stjórnarmenn þökkðu fyrir samstarfið á starfsárinu.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður á Sauðárkróki, 3. júní nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:22

Magnús Helgason, fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Þórey Edda Elísdóttir